



TÍMARIT

Öryrkjabandalags Íslands



Samningurinn hefur tekið gildi í **151 ríki**. ÍSLAND er eitt **FJÖGURRA** Evrópuríkja þar sem hann hefur **EKKI** tekið gildi.*

Menntun fyrir alla eru **MANNRÉTTINDI**



Efnisyfirlit

Ávarp Ellenar Calmon, formanns ÖBÍ og Halldórs Sævars Guðbergssonar, varaformanns. **3**

Stefna alltaf á toppinn

Viðtal við Matthildi Ylfu Þorsteinsdóttur, Bergrúnu Ósk Aðalsteinsdóttur og Ingeborg Eide Garðarsdóttur frjálsíþróttakonur. **4**

Kjaragliðnun

Þorbera Fjölmsdóttir og Sigríður Hanna Ingólfssdóttir fjalla um hvernig greiðslur til lífeyrisþega hafa dregist aftur úr tekjum annarra hópa. **7**

Vil gera heiminn betri

Viðtal við Snæðísi Rán Hjartardóttur sem er nýútskrifuð úr MH. Hún metur menntun mikils og stefnir á nám í stjórn málafræði. **10**

Sniðmát fyrir skóla án aðgreiningar er ekki til

Rætt við Kristínu Björnsdóttur lektor í fötlunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um skóla án aðgreiningar. **12**

Full sjálfstrausts út á vinnumarkaðinn

Guðrún V. Stefánsdóttir dósent í fötlunarfræðum, við Menntavísindasvið HÍ, segir frá starfstengdu diplómanámi við HÍ. **15**

Er framhaldsskólinn fyrir alla

Umfjöllun um málþingið „Er framhaldsskólinn fyrir alla? Menntun fatlaðs fólks: Aðgengi og úrræði“. **17**

Menntun og vinna er mikilvæg fyrir alla


Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ ræðir við ritstjóra um mikilvægi menntunar og atvinnu fyrir fatlað fólk. **18**

Nýtur lífsins og „tjillar“ með plöntunum sínum

Rúnar Björn Herrera fer ótroðnar slóðir í lífinu og segir frá áhuga sínum á garðrækt, náminu við Garðyrkjakólann og heimshornaflakki. **20**

Ofbeldi gegn fötluðum konum: Hvað getum við gert?

Umfjöllun um rannsóknarverkefni um ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum. **23**



Tímarit ÖBÍ júní 2015

Útgefandi: Öryrkjabandalag Íslands, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, s: 530 6700, www.obi.is

Ábyrgðarmaður: Ellen Calmon

Ritstjóri: Margrét Rósa Jochumsdóttir

Ritnefnd: Helga K. Olsen, Sigurjón Einarsson, Sóley B. Axelsdóttir og Unnur M. Sólmundardóttir

Ljósmyndir: Ýmsir

Umbrot og hönnun: Nýprent ehf.

Forsíðumynd: Vert - Auglýsingastofa

Prófarkalestur: Þórný Björk Jakobsdóttir

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 119.000 eintök

Setjum mannréttindi fatlaðs fólks í fyrsta sæti



Kæri lesandi.

Undirrituð viljum byrja á því að óska þér og þínum gleðilegs sumars eftir langan og strangan vetur. Sumarið byrjar ekki vel hjá okkur, kalt er í veðri, miklar deilur eru í þjóðfélaginu, það stefnir í allsherjar verkföll á vinnumarkaði og alþingismenn deila sem aldrei fyrr um alla skapaða hluti. Eftir miklar hremmingar haustið 2008 höfum við smám saman rétt úr kútnum og margt bendir til þess að efnahagur þjóðarinnar og tækifæri séu að aukast. Margar þjóðfélagsstéttir telja sig eiga inni bætt kjör, sem er eflaust rétt, en nú er lyklatríði að standa saman sem ein þjóð þegar við byggjum upp nýtt og betra íslenskt samfélag. Við sem þjóð þurfum að endurskoða gildi okkar og forgangsraða verkefnum með því að setja fólk í fyrsta sæti.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) samanstendur af 37 aðildarfélögum, það er félögum fatlaðs fólks, sjúklinga og aðstandenda og nálgast félagsmenn aðildarfélaganna nú 30.000. Í grunninn eru öll þessi félög mannréttindasamtök, þau berjast fyrir réttindum félagsmanna og þjóðarinnar. Félögin vinna að fjölmörgum mannréttindamálum frá degi til dags. Eitt stærsta réttindamálið sem unnið hefur verið að síðustu ár er fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn 30. mars 2007 ásamt valfrjálsri bókun. Þrátt fyrir mikla vinnu og velvilja stjórnmalamanna, stjórnýslunnar og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks hefur ekki enn tekist að fá Alþingi til að fullgilda samninginn. Samningurinn hefur verið fullgiltur í 151 ríki. Fjögur Evrópulönd eiga eftir að fullgilda hann en

þau eru Ísland, Finnland, Írland og Holland. Þrátt fyrir að samningurinn hafi ekki verið fullgiltur þá hefur hið opinbera, ríki og sveitarfélög, hagsmunasamtök fatlaðs fólks og fleiri nýtt sér samninginn á margvíslegan hátt með því að styðjast við hann í stefnumótunavinnu og við setningu reglugerða og laga. Síðustu ár hafa stjórnvöld ítrekað haft fullgildingu samningsins að markmiði en það hefur ekki gengið eftir. Nú stendur ÖBÍ fyrir undirskriftasöfnun á netinu þar sem við leitum til þjóðarinnar og biðjum fólk að skora á Alþingi til að fullgilda samninginn á haustþingi 2015.

Við viljum leita allra leiða til að þetta mál klárast sem fyrst á Alþingi og óskum því eftir stuðningi þínum. Á heimasíðu ÖBÍ www.obi.is er að finna áskorun til stjórnvalda um að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Einnig er hægt að skoða íslenska þýðingu samningsins og stutt kynningarmyndband um hann á síðunni. Þú lesandi góður gætir hjálpað okkur með því að skrifa undir og hvetja alla í nærumhverfi þínu til að taka þátt í undirskriftasöfnuninni. Tímarit ÖBÍ kemur út einu sinni á ári, í ár er þema blaðsins menntamál í víðu samhengi. Það er von okkar og trú að blaðið sé áhugavert og spennandi og veiti innsýn í stöðu menntamála fatlaðs fólks. Það er trú undirritaðra að með opinni umfjöllun um réttindi fatlaðs fólks sé hægt að búa til mun betra samfélag þar sem allir fá notið hæfileika sinna.

Með vinsemd og virðingu

*Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands
Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður*



Frá vinstri: Bergrún Ósk, Matthildur Ylfa og Ingeborg Eide á verðlaunapalli á Íslandsmóti ÍF í frjálsum íþróttum 2014.

Stefna alltaf á toppinn

Þær hafa undanfarin ár æft frjálsar íþróttir nokkrum sinnum í viku, sópað til sín verðlaunum og viðurkenningum á mótum og í keppnum hérlendis og tekið þátt í stórmótum úti í hinum stóra heimi. Óhætt er að segja að Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir, Ingeborg Eide Garðarsdóttir og Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir séu fyrimyndir.

Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir

Matthildur byrjaði að æfa sund þegar hún var 10 ára og fékk strax mikinn áhuga á sundi. „Ég keppti í sundi á Norðurlandamóti barna og unglunga í Finnlandi þegar ég var 13 eða 14 ára þar sem var líka keppt í frjálsum íþróttum. Ég fékk leyfi til að keppa í frjálsum á þessu móti, þótt ég hefði aldrei æft frjálsar, út af mínum mikla áhuga á íþróttinni. Það gekk ótrúlega vel.“

Frjálsíþrótt ferillinn hófst

Eftir mótið fór Matthildur að æfa frjálsar íþróttir hjá Kára Jónssyni hjá Ármanni. Næstu árin tóku við keppnir erlendis. „Ég lenti í þriðja sæti í langstökki í alþjóðlegu frjálsíþróttamóti í Túnis vorið 2012 sem var fyrsta stóra mótið sem ég

keppti á. Ég fór þangað til að fá flokkun og ná lágmarki fyrir Ólympíuleika fatlaðra og náði því.“ Þess má geta að Matthildur setti Íslandsmet í 100



Matthildur Ylfa á Evrópumóti fatlaðra í Swansea 2014.

og 200 metra hlaupi í Túnis. Hún tryggði sér jafnframt þátttökurétt á Evrópumeistaramóti fatlaðra í Hollandi það sumarið þar sem hún fékk bronsverðlaun í langstökki.

Fór á Ólympíuleikana í London

Matthildur fór á Ólympíuleikana í London 2012 sem hún segir vera eitt af því skemmtilegra sem hún hafi gert. „Þetta var svo ótrúlega mikil reynsla og allir sem voru þar höfðu unnið mikið fyrir því. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því hvernig þetta var, fólk verður eiginlega að prófa það. Þetta er svo ólíkt öllum öðrum mótum, svo miklu stærra einhvern veginn. Það gekk mjög vel þó að ég hafi aðeins bætt mig í 200 m hlaupi. Ég keppti þar fyrst og fremst bara til að fá meiri reynslu.

Íþróttakona ársins 2012

Matthildur var valin Íþróttakona ársins 2012 úr röðum fatlaðra hér á landi og er fyrsta frjáls-íþróttakona sögunnar hérlendis sem hlýtur þá nafnbót. Hún keppti á HM fatlaðra í Frakklandi 2013 og á EM í Englandi sama ár þar sem hún

hafnaði í sjötta sæti í langstökki. „Mig langar til að keppa á fleiri Ólympíuleikum og ég stefni að því að ganga betur en á síðustu leikum þó að það hafi gengið mjög vel. Draumurinn er að komast á pall á Ólympíuleikunum. Ég er með mín markmið og ætla bara að gera mitt besta til að ná þeim og geta uppfyllt drauma mína.

Matthildur Ylfa á Íslandsmóti ÍF í frjálsum íþróttum 2015.



Ljósmynd: Jón Björn Ólafsson



Ljósmyndar: Eyrún Jóhannesdóttir

Bergrún á ungingalandsmóti UMFÍ á Höfn 2013.

Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir

Bergrún er 15 ára í dag en var einungis fimm ára þegar hún byrjaði í fimleikum. Í íþróttasalnum

innan um dýnur, jafnvægislána og stökkbretti kynntist hún heimi sem átti eftir að skipta miklu máli fyrir hana. „Ég prófaði ýmsar íþróttagreinir þegar ég var lítil svo sem sund, fótbolta, ballett og listskauta. Ég fór líka á reiðnámskeið.“

Bergrún kynntist svo frjálsum íþróttum þegar hún var 12 ára. „Vinkonur mínar voru að æfa frjálsrar íþróttir og mig langaði til að prófa. Það var ofsalega gaman.“

Sterkust í langstökki og hlaupum

Bergrún hefur tekið þátt í fjölda móta á Íslandi og má þar nefna Unglingalandsmót UMFÍ, Vormót Fjölris sem er félagið sem hún æfir hjá, Stórmót ÍR, Silfurleika ÍR, Reykjavíkumeistaramót 15 ára og eldri, Íslandsmót ÍF og Meistaramót Íslands 11-14 ára. Hún var í fyrsta sæti í 60 og 200 metra hlaupi á Íslandsmóti ÍF. „Mér fannst fyrst allar greinarnar innan frjálsra íþróttar vera jafnskemmtilegar en núna finnst mér langstökk og hlaup vera skemmtilegustu greinarnar.“ Bergrún hefur stökkið lengst 3,6 metra í langstökki og á góða tíma í 60 og 200 metra hlaupum.

Stefnir á fleiri mót erlendis

Í sumar er stefnan tekin til útlanda þar sem Bergrún mun keppa í langstökki og einhverjum hlaupum á Gautaborgarleikunum í Svíþjóð. Hún æfir í einn og hálfan tíma í senn fimm sinnum í viku og segir það skipta sig miklu máli að vera í

íþróttum. „Ég kynnist nýjum krökkum og svo fæ ég meiri styrk og orku. Þetta er eitt af því skemmtilegasta sem ég geri.“ Bergrún stefnir á að halda áfram að bæta sig í þeim greinum sem hún er sterkust í og komast á fleiri mót erlendis.

Ingeborg Eide
á Evrópumeistaramótinu
í Hollandi 2012.



Ljósmyndari: Jón Björn Ólafsson

Ingeborg Eide Garðarsdóttir

Ingeborg sem er 19 ára byrjaði líkt og Matthildur og Bergrún snemma í íþróttum. Fyrsta íþróttin sem hún æfði var sund en hún var sex ára þegar hún byrjaði. „Ég kynntist síðan frjálsum íþróttum þegar ég var um 11 ára þegar mamma benti mér á að fara á æfingu hjá ÍFR undir stjórn Hauks Gunnarssonar. Þar var mér sagt að ég gæti náð góðum árangri í frjálsum. Eftir u.þ.b. ár fór ég að æfa hjá FH þar sem Silja Úlfars og Iðunn þjálfuðu mig. Þar bætti ég árangur minn mikið. Í fyrstu keppti ég mest í spretthlaupi og langstökki,“ segir Ingeborg sem æfir nú hjá Ármanni.

Hefur tekið þátt í mörgum stórmótum

Fyrsta mótið sem hún tók þátt í erlendis var norrænt barna- og unglíngamót í Svíþjóð þegar hún var 12 ára og síðan hafa bæst við nokkur stórmót í útlöndum. „Ég hef farið á mörg opin mót og náð þar árangri sem hafa hleypt mér inn á stórmót.“ Ingeborg tók þátt í alþjóðlegu móti fatlaðra í Túnis árið 2012 þar sem hún keppti í kúluvarpi og lenti í 3. sæti. Sama ár tók hún þátt í Evrópumóti fatlaðra í Hollandi þar sem hún lenti í 8. sæti í spjótkesti. Hún hefur einnig tekið þátt á móti í Berlín þar sem hún lenti í 5. sæti í kúlu, 4. sæti í kringlu og 8. sæti í spjótkesti.

Draumurinn að komast á Ólympíuleikana

Ingeborg æfir að jafnaði í tvo tíma fimm sinnum í viku en hefur vegna meiðsla ekkert æft í nokkra mánuði. Stærsti draumur Ingeborg er að keppa á Ólympíuleikum fatlaðra. „Ég held að það sé toppurinn hjá flestum. Raunhæft markmið er þó að komast á Evrópumót fatlaðra og Heimsmeistaramót fatlaðra en maður stefnir alltaf á toppinn.“

Forréttindi að vera fyrirmynd

Þegar Ingeborg er spurð að því hvaða máli það skipti að stunda íþróttir og vera góð fyrirmynd fyrir aðra segir hún: „Íþróttirnar gefa mér mikið svo sem góðan félagsskap og mér líður betur andlega og líkamlega sem hjálpar til í námi og ýmsum samskiptum. Fyrir utan hvað það er gaman að æfa og fá að eyða tíma með þessu frábæra fólki. Ég og Hulda Sigurjónsdóttir æfum saman kúluvarpið hjá Paul Coda og náum vel saman þar sem við hvetjum hvor aðra áfram á æfingum og í keppni. Það er frábært að fara með æfingafélögum og þjálfurum í æfingaferðir eða keppnir erlendis. Það eru líka forréttindi að fá að þjálfra yngri krakka og geta verið fyrirmynd þeirra.“



UMFJÖLLUN: ÞÓRBERA FJÖLNIÐÓTTIR OG SIGRÍÐUR HANNA INGÓLFSÓTTIR

Ljósmyndir: Magga Joch

Kjaragliðnun

Frá kjaragöngu verkalyðsins 1. maí 2015.

Greiðslur til lífeyrisþega hafa dregist aftur úr tekjum annarra hópa

Verkalyðsfélögin hafa í yfirstandandi kjaraviðræðum réttilega bent á að dagvinnulaun verkafólks duga ekki fyrir lágmarksframfærslu samkvæmt opinberum viðmiðum. Örorkugreiðslur almannatrygginga, sem Tryggingastofnun ríkisins (TR) greiðir út, eru undir lágmarkslaunum fyrir dagvinnu. Öryrkjabandalag Íslands tekur því undir kröfu Starfsgreinasambandsins um hækkun lágmarkslauna í 300.000 kr. innan þriggja ára.

Belti og axlabönd?

Samkvæmt lögum um almannatryggingar eiga örorkugreiðslur TR að breytast árlega í takt við launaþróun en þó þannig að þær hækki ekki minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs. Með ákvæðinu átti, samkvæmt þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddssyni, „að tryggja hag lífeyrisþega að þessu leyti bæði með belt og axlaböndum.“ Greiðslurnar ættu ekki aðeins að hækka ef laun hækkuðu, heldur

ættu þær einnig að taka mið af verðlags- hækkunum. Raunin hefur því miður orðið önnur. Örorkugreiðslur almannatrygginga hafa ekki fylgt hækkun lægstu launa árum saman, eins og fram kemur í skýrslu sem Talnakönnun hf. vann fyrir ÖBÍ um þróun bóta TR til öryrkja á árunum 2008 – 2013 (<http://www.obi.is/utgafa/skyrslur>). Á tímabilinu náðu greiðslurnar hvorki að halda í við þróun lægstu launa, verðlags- né launavísitölu. „Niðurstaða skýrslunnar er skýr og

út frá henni má fullyrða að kjör örorkulífeyrisþega hafi versnað meira en annarra á tímabilinu frá hrúni.“

Frá því núverandi ríkisstjórn tók við hafa örorkugreiðslur TR hækkað um 3,6% (2014) og 3% (2015) eða hæst um 4.514 kr. á mánuði eftir skatt. Það gefur auga leið að þessi upphæð breytir ekki lífskjörum fólks sem er með ráðstöfunartekjur vel innan við 200.000 kr. á mánuði eins og raunin er hjá þeim örorkulífeyrisþegum sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en örorkugreiðslur TR. Það þarf mun meira til. Í stefnu með fjárlögum 2015 er ekki gert ráð fyrir leiðréttingu kjaragliðnunar eða að taka nokkurt mið af launapróun við ákvörðun hækkunar greiðslna almannatrygginga fyrir árin 2016 og 2017. Þar segir orðrét: „Í langtímaáætluninni er miðað við að bætur almannatrygginga hækki einnig um 3,5% árið 2015 og eftir það verði árlega hækkunir 1% umfram verðlag.“ Um síðustu áramót hækkuðu lífeyrisgreiðslur þó eingöngu um 3%.

Við þekkjum það vel að lág prósentuhækkun á lágar upphæðir þýðir bara hækkun um nokkra þúsundkalla, eins og reyndin hefur verið síðustu ár. Hækkun persónuafsláttar væri mun meiri kjarabót fyrir þá tekjulægstu en lág prósentuhækkun.

Útreikningar kjaragliðnunar

Undanfarin ár hafa laun hækkað umfram verðlag. Frá janúar 2013 hefur launavísitalan hækkað um 14,3%. Stjórnvöld hafa ítrekað frá efnahagshruni ákveðið að líta framhjá hækkun launavísitölu við ákvörðun hækkunar örorkugreiðslna TR og einungis tekið mið af verðlagshækkunum. Þetta hefur verið gert þrátt fyrir áður nefnt ákvæði í lögum. Kjaragliðnun þriggja bótaflokka almannatrygginga (grunnlífeyrir, tekjutrygging og aldurstengd örorkuuppbót) frá janúar 2009 til janúar 2015, er **47.841** kr. á mánuði, sbr. útreikninga í töflunni hér fyrir neðan.

Útreikningur kjaragliðnunar þriggja bótaflokka almannatrygginga frá 2009.

Vísitöluhækkun frá janúar til janúar. 2008 er viðmiðunarár - kjaragliðnun í raun frá 2009

	Vísitala	Hámark	Raunupphæðir Bætur almennat.*	Hækkun á að vera	Upphæð á að vera	Raunhækkun	Kjaragliðnun
2008			139.048				
2009	Neysluverð	18,6%	152.397	25.863	164.911	13.349	12.514
2010	Neysluverð	6,6%	152.397	10.884	175.795	0	10.884
2011	Launavísitala	4,4%	164.742	7.735	183.530	12.345	-4.610
2012	Launavísitala	9,1%	170.507	16.701	200.231	5.765	10.936
2013	Launavísitala	5,0%	177.156	10.012	210.243	6.649	3.363
2014	Launavísitala	6,7%	183.534	14.086	224.329	6.378	7.708
2015	Launavísitala	6,3%	189.039	12.551	236.880	5.505	7.046
				97.832		59.991	47.841

*Óskertar greiðslur fyrir grunnlífeyri, tekjutryggingu og aldurstengda örorkuuppbót.

Óskert upphæð fyrir aldurstengda örorkuuppbót miðast við örorkumat við 18-24 ára aldur.

Aðeins lítill hópur, eða um 23% örorkulífeyrisþega fær greidda óskerta aldurstengda örorkuuppbót.

Rúmlega helmingur örorkulífeyrisþega fær greidda 25% eða minna af aldurstengdri örorkuuppbót.

Í útreikninginn er ekki tekin með kjaragliðnun annarra bótaflokka, svo sem sérstakrar framfærsluuppbótar eða heimilisuppbótar og því er hér ekki um heildartölu að ræða. Heimilisuppbót er greidd til lífeyrisþega sem búa ekki með öðrum fullorðnum, en um 30% lífeyrisþega fá hana greidda. Sérstaka framfærsluuppbótin er greidd til þeirra örorkulífeyrisþega sem hafa engar eða

nánast engar aðrar tekjur en örorkugreiðslur TR. Samhliða leiðréttingu kjaragliðnunar er mjög mikilvægt að dregið verði verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu.

Aukinn kostnaður í heilbrigðiskerfinu

Gjaldskrárhækkanir á síðasta ári í heilbrigðistengdri þjónustu voru langt umfram almennar hækkanir og verðbólguþáttur mið

Seðlabanka Íslands. Þessi kostnaðarauki fyrir notendur þjónustunnar hefur haft veruleg áhrif á stöðu margra örorkulífeyrisþega með tilliti til afkomu, lífsgæða og þátttöku í samfélaginu. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu og lyfjum, óháð efnahag er frumskilyrði þess að fólk geti notið réttarins til andlegrar og líkamlegrar heilsu. Einföld leið til þess er að fella niður virðisaukaskatt af lyfjum og hjálpartækjum, sem nú er 24%.

Matarskatturinn

Tekjulágir hópar, s.s. örorkulífeyrisþegar verja stærri hluta tekna sinna til matarinnkaupa en tekjuhæri hópar. Hækkun virðisaukaskatts á mat- og drykkjarvöru úr 7% í 11% um síðustu áramót kemur því sérstaklega illa við lífsafkomu örorkulífeyrisþega sem margir hverjir eiga ekki fyrir mat út mánuðinn.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður


Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er tíður hjá lágtekjufólki. Þeir sem greiða 40% eða meira af ráðstöfunartekjum sínum eru taldir búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað eins og fram kemur í Hagtiðindum Hagstofu Íslands 2014. Ráðgjafar hjá ÖBÍ þekkja fjölmörg dæmi þess að örorkulífeyrisþegar þurfi að greiða yfir 40% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæðiskostnað. Á það við hvort heldur fólk greiðir leigu eða af húsnæðislánum auk viðhaldskostnaðar. Meðaltekjur örorkulífeyrisþega hafa lítið hækkað síðustu ár á meðan húsnæðiskostnaður almennt hefur hækkað umtalsvert. Húsaleigubætur hafa lækkað mikið að raungildi á undanförunum árum, en þær eru ekki vísitölutryggðar. Lágtekjufólk í eigin húsnæði fær ekki greiddar vaxtabætur ef eignarhlutinn fer yfir ákveðin mörk, þó greiðslubyrðin sé óbreytt.

Kjaragliðnun og aukin útgjöld

Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er skýrt kveðið á um að hver einstaklingur

skuli njóta sama réttar og aðrir, svo og almennra mannréttinda. Lög um almannatryggingar eru meðal þeirra laga sem eiga að útfæra þennan rétt. Örorkugreiðslur almanna-trygginga hafa í áráraðir ekki hækkað í samræmi við það ákvæði laganna um hvernig bæturnar skuli hækka. Afleiðingin er umtalsverð kjaragliðnun. Hækkun virðisaukaskatts á matvæli, verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður og aukin greiðsluþátttaka í heilbrigðiskerfinu hafa orðið til þess að skerða lífskjör öryrkja enn frekar. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að efnahagur þjóðarinnar hafi vænkast.

Þá ætti að vera rétta tækifærið fyrir þau núna að leiðrétta kjör þeirra tekjulægstu í samfélaginu og standa í leiðinni við yfirlýsingar og loforð frá því fyrir síðustu alþingiskosningar um leiðréttingu greiðslna til örorkulífeyrisþega vegna kjaraskerðingar þeirra og kjaragliðnunar á krepputímum.





Vil gera heiminn betri

VIÐTAL: SVAVA JÓNSDÓTTIR

Ljósmyndir: Magga Joch

Snædís Rán Hjartardóttir, sem er með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og vöðvalömun, útskrifast í vor sem stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, MH. Hún lagði sig alla fram við námið og hafa einkunnirnar verið í samræmi við það. Hún stefnir á að hefja nám í haust í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands enda hefur hún sterkar skoðanir á stjórnmálum eins og svo mörgu öðru.

Það er kvöld og Snædís Rán situr í hjólastól við eldhúsborðið heima hjá sér. Sítt, rautt hárið tekið í tagl. Glas með rauðvíni og röri stendur á borðinu; Snædís Rán kláraði síðasta prófið við MH fyrr um daginn og var boðið upp á rauðvín með matnum af því tilefni. Það er reyndar ein ritgerð eftir í söguáfangna þar sem síldin er í aðalhlutverki.

„Systir mín, Áslaug, kallar hana „Ástarbréf til síldarinnar“ því ég er búin að vera svo lengi að vinna í henni,“ segir Snædís Rán. Það er stutt í brosið. „Ég er búin að vera að vesenast með hana og finna heimildir.“

Snædís var ekki með túlk þetta kvöld og því tók mamma hennar, Bryndís Snæbjörnsdóttir, að sér að túlka fyrir hana. Bryndís situr fyrir framan dóttur sína og heldur í hendurnar á henni. Þannig túlkar hún það sem spurt er um; hún talar hægt og skýrt, notar táknið á höndum Snædísar Ránar og „skrifar“ stundum stafir á aðra kinnina á henni. Snædís svarar síðan með rödd.

Útskrift úr MH í lok maí

Það tekur lengri tíma en gengur og gerist fyrir Snædís Rán að vinna að ritgerð en hún er með litla sjón og litla heyrn. Það þarf að heimildir eins og alltaf en eftir það þarf að færa textann á tölvutækt form hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga svo hún geti lesið textann í tölvu þar sem hægt er að stækka letrið. Nokkrir dagar eru til stefnu þar til skila á ritgerðinni og það styttist í útskriftina í lok maí.

Systirin með sama sjúkdóm

Snædís Rán fæddist heilbrigð og var frekar bráðgert barn. Hún þroskaðist eðlilega þangað til hún var fimm ára. Nokkrum mánuðum eftir að hún fór í heyrnarmælingu kom í ljós að heyrnin var næstum því farin. Síðan fór sjónin að versna og jafnvægið fór smátt og smátt. Hún var komin í hjólastól 12 ára gömul. Nokkrum árum síðar eða

haustið 2010 kom í ljós eftir margar rannsóknir að hún er með Brown-Vialetto-Van-Laere heilkenni (BVVL). Systir hennar, sem er einu og hálfu ári yngri, er með sama sjúkdóm.

Fór í framhaldsskóla af praktískum ástæðum

Árin liðu og áður en hún vissi stóð hún á tímamótum þegar hún þurfti að velja í hvaða framhaldsskóla hún vildi fara. Hún ákvað að fara í MH. „Ég fór í framhaldsskóla af praktískum ástæðum eins og flestir. Ég vildi ekki bara vera heima alla daga. Ég vildi gera eitthvað sem gæfi af sér eins og önnur vinna og ég veit að eina leiðin fyrir mig til að gera það var að fara í gegnum menntakerfið.“

Vel tekið í MH

„Ég get ekki sagt annað en að mér hafi verið vel tekið frá byrjun í MH. Þegar ég var í grunnskóla var mér sagt að menntaskólinn yrði erfiður en svo kom í ljós að mér fannst menntaskólinn vera betri en grunnskólinn.“ Snædís Rán var alltaf með aðstoðarmanneskju með sér í MH en hún hafði túlk eingöngu í kennslutímum. „Ég tók ekki mikinn þátt í þessum matsalaskiptum. Ég hef stundum verið í samskiptum við ákveðna krakka sem hafa sótt sömu stofu og ég þegar við höfum ekki verið í tíma. Það sem hefur farið mest í taugarnar á mér er að ég var ekki alltaf látin vita af böllum og öðrum viðburðum með fyrirvara svo ég gæti pantað túlka því það að vera í skóla felur í sér þátttöku í samfélagi en ekki bara að hafa aðgang að kennurum og þekkingu. Menntun er í því fólgin að gerast virkur þátttakandi, hvort sem er í hinni eiginlegu menntun eða þeirri reynsluöflun sem félagsstarfið hefur upp á að bjóða.“

Hallgrímur Helgason í uppáhaldi

Snædís Rán segir að íslenska og stjórnmálafræði hafi verið í uppáhaldi í MH. „Það voru aðallega bókmenntirnar sem ég hafði gaman af í íslenskutímum. Það eru margir valáfangar í boði í MH og ég er búin að taka þá flesta eins og barnabókmenntir og heimsbókmenntir. Ég myndi vilja taka íslensku 300 aftur, Njála var lesin, Hávamál og Völuspá.“ Snædís Rán lærir utanbókar og hefur farið með heilu erindin í tímum. „Mér finnst skemmtilegast að lesa bækur eftir Hallgrím Helgason. Málfarið er svo skemmtilegt.“ Svo er það stjórnmálafræðin. „Það



er gaman að læra um það hvernig heiminum er stjórnað. Í stjórnmálafræði er verið að kenna m.a. um stjórnsýslukerfið, hvernig kosningar fara fram og um flokkana. Svo er talað um heiminn í alþjóðastjórnmálafræði.“

Með sterkar skoðanir

Snædís Rán er með skoðanir á stjórnmálum á Íslandi sem og alþjóðastjórnmálum. „Ég fylgist með stjórnmálum á Íslandi þegar ég hef tíma. Á Íslandi þarf að mínu mati t.d. að knýja fram meiri virðingu af þeim sem taka ákvarðanir og koma á betra skipulagi þannig að flokkspólitík ráði ekki öllu um úrslit. Svo væri heimurinn ekki eins og hann er núna ef hann hefði verið rétt skipulagður.“

Hvað ef Snædís Rán gæti haft áhrif og komið skilaboðum áleiðis til stjórnmálamanna?

„Ég myndi biðja fyrir kveðju og segja þeim að þeir þurfi að leggja við hlustir. Mér finnst stjórnmálamenn ekki alltaf hlusta á þá sem málin varða mest eins og t.d. núna varðandi túlkabjónustu. Mér finnst að stjórnmálamenn eigi ekki að taka ákvarðanir án þess að hafa samráð við þá sem málin varða mest.“

Friður, réttlæti og sanngirni

„Friður, réttlæti og sanngirni,“ segir hún án þess að hugsa sig um. „Reyndar þýðir réttlæti og sanngirni eiginlega það sama. Friður á að vera meginmarkmiðið. Það á að reyna að uppfylla réttindi fólks eins og mannréttindi. Ef það er ekki gert þá verður alltaf ófriður og á Íslandi er enginn friður af því að það er verið að brjóta alls konar mannréttindi. Núna er aðalvesenið sem snýr að mér tengt túlkabjónustu. Ég ætla ekki að láta stjórnmálamenn með forræðishyggju hafa áhrif á það hvernig mér gengur.“



Háskóli Íslands hlaut Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2014 fyrir starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.

Sniðmát fyrir skóla án aðgreiningar **er ekki til**

Kristín Björnsdóttir er lektor í fötlunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (HÍ). Í starfi hennar felst kennsla og rannsóknir á sviði fötlunarfræði, auk þess sem hún hefur umsjón með starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Skólafélag Skóla Íslands er Kristínu hugleikin og um langt skeið verið rannsóknarefni hennar. Í stefnunni felst að bannað er að mismuna börnum á grundvelli líkamlegs eða andlegs atgervis, fötlunar, trúarbragða, hörundslitar eða annarrar aðgreiningar.

VIÐTAL: KRISTÍN S. EINARSDÓTTIR

Kristín kom fyrst að málefnum skóla án aðgreiningar í grunnskóla í kringum 1998 en það ár lauk hún BM námi í músíkþerapíu frá East Carolina University. Hún nam kennslufræði til kennsluréttinda við HÍ og lauk síðan MA námi í uppeldis- og menntunarfræðum við sama skóla 2001. Uppúr 2000 fór hún að stunda rannsóknir á sviði fötlunarfræði og þá í framhaldsskóla. Frá 2005-2009 stundaði hún doktorsnám í fötlunarfræðum við HÍ og fór á því tímabili í skiptinám í fötlunarfræðum við University of Sheffield árið 2007. Það sama ár kom hún

svo fyrst að starfstengdu diplómanámi við Kennaraháskólann og gerðist umsjónarmaður með náminu 2011. Kristín hefur unnið margvísleg störf með fötluðum börnum og ungmennum m.a. innan skólakerfisins, þjónustukerfisins og í tólmundastarfi. Frá árinu 2003 hefur hún starfað við rannsóknir og kennslu við Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Kristín var ráðin lektor í fötlunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorið 2010.

Hvað er skóli án aðgreiningar?

„Í mjög stuttu máli er Skóli án aðgreiningar

opinber skólustefna í landinu og felst í því að það á að veita öllum nemendum sem þess þurfa aðlögun svo þeir geti tekið virkan þátt í skólastarfinu,” sagði Kristín þegar blaðamaður bað hana að útskýra hvað felst í skóla án aðgreiningar. Skóla án aðgreiningar hér á landi má rekja til ársins 1994, þegar Salamanca yfirlýsingin var undirrituð og Íslendingar urðu aðilar að henni og segir Kristín þessa opinberu skólustefnu ríkja á því skólastigi þar sem skólaskylda á við, það er í grunnskóla en ekki framhaldsskóla og háskóla. Þá kveður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á um að veita skuli fötluðu fólki tækifæri til náms án aðgreiningar á öllum skólastigum og í símenntun. Íslendingar undirrituðu þann samning árið 2007.

„Skólaskylda komst á á Íslandi 1974 og þremur árum síðar var gerð reglugerð um sérkennslu. Þar er sagt að við eigum að aðstoða börn sem þurfa aðstoð í námi og aðstoðina eigi að veita innan um aðra nemendur, sé það möguleiki. Þetta þýðir að í um 40 ár hefur verið rætt um að styðja þurfi við nemendur sem eiga erfitt með nám,” segir Kristín.

Aðstoð við hæfi er lykilatriði

Kristín segir að víða gangi mjög vel að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar. „Þetta hefur til dæmis gengið ágætlega hérna hjá okkur,” segir hún og vísar þar til námsbrauta á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. „Ég hef komið í marga skóla þar sem skóli án aðgreiningar gengur bara mjög vel. En það er þó ekki nóg að nemendur séu bara líkamlega til staðar í skólanum. Nemendur þurfa að fá stuðning við hæfi og stundum er jafnvel verið að veita of mikinn stuðning eða ekki rétta stuðninginn,” bætir Kristín við. „Vandamálið er oft fólgið í að skilgreina hvað er aðstoð við hæfi. Það er kannski þar sem við stoppum oft og erum ósammála. Sumum finnst til dæmis við hæfi að aðgreina börn vegna ákveðinnar fötlunar.”

Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvernig fámennir skólar á landsbyggðinni séu í stakk búnir að mæta kröfum um skóla án aðgreiningar. Kristín segir slíka skóla hafa einmitt oft sýnt fram á að þeir hafi getað mætt kröfum heildarinnar. „Ef eitthvað er þá er kannski meiri hvati að styðja við íbúana sína á



minni

stöðum,

án þess að ég vilji

alhæfa um það. Í stærri skólum vantar oft þessa samfélagslegu tengingu og þessa innri hvöt til að láta hlutina ganga upp.” Kristín segir að skortur á fagfólki á landsbyggðinni sé heldur ekki vandamálið. „Fagfólkið er hreyfanlegt og við erum með ágætis samgöngur og fjarskiptatækni á Íslandi. Ef að landsbyggðin fær ekki nógu mikla aðstoð þá er það af því að sérfræðingarnir eru ekki nógu hreyfanlegir.”

Samvinna nauðsynleg

„Rannsóknir mínar á undanförunum árum ná til um það bil 70 einstaklinga með þroskahömlun á aldrinum 20-50 ára sem hafa farið í gegnum alls kyns skólaúrræði. Það er alveg ljóst að það þarf að styðja betur við fólk með sérþarfir í námi. Það virðist ekkert fara eftir tegund úrræðis hvernig börnum líður í skólanum heldur fyrst og fremst því fólki sem börnin eru með.” Í því samhengi nefnir Kristín kennara, annað starfsfólk og foreldra annarra barna í hópnum. „Í mörgum tilfellum getur það skipt sköpum hvernig tekið er á móti barninu í hópnum. Þar þurfa hinir foreldrarnir að koma að þessum félagslega þætti. Þegar vel hefur gengið hefur oft verið þannig „stemning” að heildin vill láta hlutina ganga upp.”

Kristín segir það ekki endilega fara eftir nemandanum hvernig til takist, heldur öllu því fólki sem að honum kemur. „Hvort þetta gengur upp fer oft eftir viðhorfi fagfólksins. Að það sé sniðugt að finna lausnir, leita ráða og fá þann stuðning sem þarf. Það er ofsalega mikilvægt að við hættum að horfa á takmarkanir barnsins og förum að spyrja okkur að því hvað við getum gert til að auka námsmöguleika og félagstengsl hjá öllum nemendum.”

Viðhorfin eitt af því mikilvægasta

„Við höfum séð rannsóknir sem segja okkur að

um helmingur kennara í grunnskólum telur ekki endilega mikilvægt að nemendur fái menntun í sínum heimaskóla, án þess þó að fram komi hvers vegna þeim finnst það ekki mikilvægt. Er það af því að þeir fá ekki nægan stuðning eða af því að sérfræðingarnir koma ekki til þeirra? Eða er bara yfirhöfuð erfitt að vera kennari? Ég held að það sé mikilvægt að við komumst að því af hverju kennurum finnst þetta ekki mikilvægt. Viðhorfin eru eitt af því mikilvægasta, ef þau eru ekki í lagi þá gengur þetta ekki upp, það er alveg ljóst," segir Kristín.

„Svo koma allir hinir þættirnir, það er svo oft sem að kennarar halda að þeir kunni ekki til verka. En oft búa þeir samt yfir mikilli þekkingu, meira en margir aðrir sérfræðingar. Við vanmetum svo oft hvað við kunnum. Ef eitthvað virkar ekki fyrir fötluð börn er mjög líklegt að það virki ekki fyrir nein börn, af því þau eru fyrst og fremst börn.“

Að gefast ekki upp þegar leitað er lausna

Aðspurð um hvort mikið hafi áunnist hér á landi á undanförunum árum segir Kristín nauðsynlegt að horfa á það að mjög fáir séu í sérúrræðum á Íslandi. „Það að við þurfum sérúrræði segir kannski meira um stöðu skólakerfisins en stöðu barnanna, það er mín skoðun. Mótbárur um að skóli án aðgreiningar sé hugmyndafræði sem ekki virkar koma svolítið í bylgjum. Oft fylgir þetta kjarabaráttu kennara, það er helst þá sem maður finnur opinberlega fyrir þessum mótbárum," segir Kristín.

„Við þráum eflaust öll að hægt sé að búa til eitthvað sniðmát til að láta skóla án aðgreiningar ganga upp fyrir öll börn. En það er ekki til. Við þurfum í fyrsta lagi að takast á við eigin viðhorf og í öðru lagi megum við ekki gefast upp þegar leitað er lausna," segir Kristín og bætir við: „Þegar hlutirnir ganga ekki upp er ekki eitthvað að barninu heldur umhverfinu sem barnið er í, það á við um öll börn.“

Ófötluðum börnum og börnum sem gengur vel námslega getur líka liðið illa í skóla. Það þarf ekki síður að hugsa um að skólinn þarf að vera án aðgreiningar fyrir þau. Það er lykilpunktur í þessu að við þurfum að komast að því hvernig við getum skapað skólaumhverfi sem börnum líður vel í.“

Góð þróun í framhaldsskólum

Talið berst að framhaldsskólanum en Kristín segir málin oft flækjast þegar þangað er komið. „Fyrir marga verður fyrsta aðgreiningin sem þau upplifa í framhaldsskólanum. En fyrir aðra, sem hafa t.d. alltaf verið í sérskólum verður framhaldsskólinn oft fyrsta tækifærið sem þau fá til að vera með ófötluðum nemendum. Þannig opnar framhaldsskólinn nýjan heim fyrir mjög marga nemendur meðan aðrir nemendur eru í fyrsta skipti að takast á við einhverja aðgreiningu þar. „Mér finnst oft óþarflaga mikil aðgreining í framhaldsskólanum, en það er samt ótrúlega stutt síðan hann opnaði fyrir alla nemendur. Það hefur líka orðið rosalega mikil þróun á starfsbrautunum og mjög víða verið að vinna gott starf þar. Þróunin hefur verið mikil á 10 árum og það eru fleiri nemendur að skila sér í framhaldsskólana. Ég er mjög ánægð með þá þróun þó að staðan sé ekki nákvæmlega eins og ég myndi vilja hafa hana," útskýrir Kristín.

Skólinn endurspeglar samfélagið

Aðspurð um framtíðarsýnina segir Kristín samfélagið þurfa að breytast. „Skólinn kemur alltaf til með að endurspegla samfélagið. Meðan við erum með samfélag þar sem er ákveðin aðgreining ófatlaðs og fatlaðs fólks eða önnur aðgreining, mun hún alltaf endurspeglast í skólakerfinu. Í framtíðinni vona ég auðvitað að allir nemendur hafi tækifæri til að stunda nám í sínum heimaskóla, að sá skóli verði án aðgreiningar og öllum börnum líði vel í þeim skóla," segir Kristín Björnsdóttir, lektor í fötlunarfræðum við Menntavísindasvið HÍ að lokum.





VIÐTAL: BERGLIND ÞORSTEINSDÓTTIR

Ljósmynd: Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Frá útskrift fyrsta hópsins í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun 2009.

Full sjálfstrausts út á vinnumarkaðinn

Rætt við Guðrúnu V. Stefánsdóttur dósent í fötlunarfræðum, við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (HÍ), um starfstengt diplómanám við HÍ.

Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er boðið upp á tveggja ára starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Í náminu eru nemendur undirbúnir fyrir störf á sviði tómstunda, vinnu á leikskólum, bókasöfnum eða á vettvangi fatlaðs fólks. Stærsti ávinningur námsins segir Guðrún vera að nemendur koma úr náminu með aukið sjálfstraust og tilbúnir til að takast á við nánast hvað sem er. Auk þess sem námið hefur aukið möguleika þeirra til atvinnuþátttöku til muna.

Frá því byrjað var að bjóða upp á námið haustið 2007 hafa þrír hópar verið útskrifaðir og mun sá fjórði útskrifast nú í vor. Guðrún er

ein af upphafsmönnum námsins og hefur haft umsjón með tengingu þess við rannsóknir. „Fyrir tveimur árum gerði ég rannsókn á þessum þremur hópum. Niðurstöðurnar voru þær að um 72% af þeim sem hafa útskrifast eru í starfi á almennum vinnumarkaði, þar af eru 54% í starfi sem tengist náminu beint. Ýmist starfa þeir í leikskólum, á frístundaheimilum, á bókasöfnum, í umönnunarstörfum eða við réttindagæslu fatlaðs fólks,“ útskýrir Guðrún. Til samanburðar voru einungis 41,5% þeirra í starfi á almennum vinnumarkaði áður.

Mikil aðsókn í námið

Nemendur eru teknir inn annað hvert ár og er hópnum fylgt eftir fram að útskrift. Í upphafi



Hópur nemenda í Diplómanáminu ásamt kennurum 2015.

segir Guðrún að þeir hafi verið um fimmtán til tuttugu talsins en síðan var ákveðið að fækka í hópnunum þar sem ekki var með góðu móti hægt að sinna svo mörgum með því fjármagni sem ætlað var í verkefnið. Þrettán nemendur útskrifast í ár. Mikil aðsókn hefur verið í námið og sækja fleiri um en komast að, því hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á að ganga úr skugga um að raunverulegur áhugi sé fyrir hendi hjá umsækjendum. Vegna þess hve takmarkað námsframboðið er fyrir fólk með þroskahömlun segir Guðrún hafa borið á því, sérstaklega í upphafi, að fólk hafi skráð sig í námið án þess að hafa í raun áhuga á því afmarkaða sviði sem námið býður upp á.

Fyrirkomulag námsins er á þann veg að helmingurinn er starfstenging eða vettvangsnám og hinn helmingurinn námskeið sem nemendurnir taka með öðrum háskólanemum. Þeir taka tvö skyldunámskeið með öðrum nemum háskólans en þau eru fötlunarfræði og jafnrétti og samfélag. Síðan fá þau aðstoð við að velja námskeið sem þau hafa áhuga á og tengist þeim starfsvettvangi sem þau hafa valið sér.

Varanleg vináttubönd verða til

Guðrún segist ákaflega ánægð með hvernig til hefur tekist að þróa námið en framan af var það tilraunaverkefni. Enn hefur námið þó ekki öðlast fastan sess innan háskólans sem henni þykir miður. „Yfirhöfuð held ég að námið hafi skilað sér mjög vel. Burtséð frá því að nemendur hafa lært heilmikið þá hefur verið gaman að sjá sjálfstraust þeirra vaxa á meðan á náminu

stendur, fylgjast með þeim rétta úr bakinu og fara með allt aðra sjálfsmynd út en þegar þau komu inn. Persónulega finnst mér það vera stærsti ávinningurinn, auk atvinnuþáttökunnar.“ Guðrún nefnir annað mikilvægt atriði og það eru þau varanlegu vináttubönd sem verða til í náminu. „Þau kynnast fullt af fólki, bæði fötluðu og ófötluðu, og það

er það sem þau segja skipta þau mestu máli - þátttakan og vinirnir, líkt og hjá öllu ungu fólki.“



Guðrún V. Stefánsdóttir

Eru sýnileg og breyta viðhorfum

Þegar Guðrún er spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart svarar hún að það sé einna helst hve nemendurnir, og færni þeirra, sé oft vanmetin, þau hafi staðið frammi fyrir allskonar undarlegum viðhorfum bæði innan háskólans og utan. „Nemendurnir

hafa staðið sig vel. Auðvitað hefur einn og einn hætt af því honum hefur ekki líkað, eins og gengur og gerist, en það hefur aldrei verið neitt vandamál með nemendur eða nám þeirra. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að sjá hve nemendurnir hafa aðlagast vel, notið sín og sýnt hvað í þeim býr. Og ekki síst að fylgjast með hvernig þau hafa breytt umhverfinu á menntavísindasviði.

Bæði samnemendur og kennarar hafa talað mikið um að þau hafi átt stóran þátt í að breyta viðhorfum í garð fatlaðs fólks. Um leið og þau eru sýnileg og fólk kynnist þeim þá gerist það sjálfkrafa,“ segir Guðrún.



Frá ráðstefnunni „Er framhaldsskólinn fyrir alla?“

Er framhaldsskólinn fyrir alla?

Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Proskahjálp og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum buðu til málþingsins „Er framhaldsskólinn fyrir alla: Menntun fatlaðs fólks: Aðgengi og úrræði“ fimmtudaginn 12. mars síðastliðinn. Um 140 manns mættu á Grand hótél þar sem málþingið var haldið og greinilegt að mikil þörf er á að fjalla betur um þessi mál í samfélaginu.

Tækifæri til að nýta menntun sína og njóta hennar

Meðal þeirra sem tóku til máls voru Ólafur Páll Jónsson dósent við Menntavísindasvið HÍ sem flutti erindið „Hvað er skóli og hverjir eru allir?“ Hann sagði m.a.: „Ég sagði áðan að ekki væri alltaf ljóst hvað sá sem ber þá verknaðarskyldu að sjá til þess að menntun hafi tilhlýðilegt gildi fyrir alla þurfi að gera til að uppfylla þessa skyldu. Eitt mögulegt svar er að skyldunni sé fullnægt með því einfaldlega að veita aðgang að skólum, þ.e. að gera fólki kleift að sækja sér skilgreinda menntun. En það er bara ekki nóg. Í þessu sambandi skiptir tvennt máli. Annars vegar að sú menntun sem formlega er skilgreind sem viðfangsefni skóla er ekki nema hluti af þeirri menntun sem máli skiptir. Hins vegar skiptir líka máli að fólk hafi ekki bara tækifæri til að sækja sér menntun, heldur líka tækifæri til að nýta menntun sína og njóta hennar.“

Félagsstarfið reynsluöflun

Þá vitnaði Ólafur í Snædísí Rán Hjartardóttur sem er daufblind og hefur oft bent á að það að vera í skóla feli í sér þátttöku á samfélagi en ekki bara aðgang að kennurum og þekkingu.

Að menntun sé í því fólgin að gerast virkur þátttakandi, hvort sem er í hinni eiginlegu menntun eða þeirri reynsluöflun sem félagsstarfið hefur upp á að bjóða.

Sömu tækifæri til fullrar þátttöku

Fleiri sem tóku til máls bentu á mikilvægi þess að allir nemendur fengju sömu tækifæri til þess að taka þátt í félagsstarfi skólanna en þær Sigrún María Óskarsdóttir sem útskrifaðist frá MA 2014 og notar hjólastól og Iva Marín Adrichem sem er blindur nemandi í MH fóru í ræðum sínum yfir mikilvægi þess að hafa sama aðgang og aðrir að öllum þáttum skólalífsins.

Þarf mun meiri umræðu

Eva Þórdís Ebenezersdóttir sem dró umræðuna saman í lokin sló á sömu strengi og tók dæmi um hversu mikilvægt sé að fatlaðir nemendur fái að taka þátt í t.d. busavíglum svo þeir séu þátttakendur í félagslífinu en ekki áhorfendur. Hún endaði málþingið á þeim vel mæltu orðum að á þessu málþingi hafi verið kíkt örstutt inn um skrárgat þar sem risastórt málefni væri hinum megin við dyrnar sem mikilvægt væri að fjalla mun meira um í framtíðinni.



VIÐTAL: MARGRÉT RÓSA JOCHUMSDÓTTIR

Ljósmyndir: Magga Joch



Menntun og vinna er mikilvæg fyrir alla

Halldór Sævar Guðbergsson er varaformaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), varaformaður Blindrafélagsins og starfsmaður Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (Miðstöðin). Þar sér hann um atvinnu-, mennta- og virkniráðgjöf til blinda og sjónskerts fólks á aldrinum 18 – 67 ára. Halldór er sjálfur blindur og hefur starfað mikið í félagsmálum síðustu 25 ár þar sem hann hefur lagt áherslu á atvinnu-, mennta- og virknimál fatlaðs fólks. Hann hefur einnig gegnt starfi formanns hjá ÖBÍ og Blindrafélaginu.

Halldór hefur ekki alltaf verið blindur því lengst af var hann sjónskertur. Hann útskrifaðist úr blindradeild Álftamýrarskóla, fór því næst í MH og þaðan lá leiðin í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Árið 1995 útskrifaðist Halldór sem íþróttakennari. Frá þeim tíma starfaði hann við íþróttþjálfun og íþróttakennslu til ársins 2006 þegar vandamál fóru að koma upp með sjónina. Hann gat ekki unnið lengur sem íþróttakennari og varð að hætta. Veikindaferlið var langt og endaði með því að hann missti alla sjón 2012.

Virgni í samfélaginu mikilvæg fyrir alla
Í dag er Halldór mjög virkur í atvinnu- og félagsmálum en hann stýrir atvinnu- og aldursteymi hjá Miðstöðinni þar sem hann aðstoðar blint og sjónskert fólk við að finna virkniúrræði ásamt því að sinna starfi

varaformanns ÖBÍ. „Leiðarljósið í starfi mínu er að fólk fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu á sínum forsendum og eftir sinni getu og að fólki verði skapaðar aðstæður til að stunda nám, vinnu eða vera í annarri virkni. Stór hluti af starfi mínu er jafnframt jafningafræðsla,“ segir Halldór.

Fleira fatlað fólk fer í háskóla í dag

Halldór telur að menntakerfið sé komið lengra en atvinnulífið í að skapa góðar aðstæður fyrir fatlað fólk til þess að geta tekið þátt í samfélaginu. „Námstilboðum hefur fjölgað og það fara mun fleiri t.d. blindir í Háskóla Íslands (HÍ) í dag heldur en fyrir tíu árum. Þá var einn sjónskertur einstaklingur í námi við HÍ en í dag eru tólf sjónskertir og blindir einstaklingar í námi þar.“

Starf við hæfi

Það er eitt að ná sér í menntun og annað að fá starf við hæfi segir Halldór. „Það var auðvitað mjög líklegt að ég færi að kenna fötluðu fólki, sem ég gerði þar sem ég kom úr þeim geira og var sjálfur afreksmaður í íþróttum fatlaðs fólks.“ Halldór segir að stundum gæti fordóma hjá fólki þegar það heyrir um fatlað fólk í ákveðnum störfum. „Enn í dag þegar ég hitti fólk sem er blint eða sjónskert til að ræða framtíðarstarf þess þá hefur einhver sagt því að það henti því vel að læra nudd, það er svona „blindrafagið“. En hvað ef fólk hefur bara ekki áhuga á nuddi, heldur stjórn málafræði eða lögfræði? Á það að velja sér fag eftir fötlun?“

Fær fatlað fólk sömu tækifæri til menntunar og ófatlað?

Þessari spurningu segist Halldór langa til að svara játandi því það hafi svo margt breyst á síðustu árum og tækifærunum hafi fjölgað. „Ég verð samt því miður að svara henni neitandi að einhverju leyti því við eigum það langt í land.“ Hann segir Háskólastigið vera svolítið á eftir grunnskóla- og framhaldsskóla. „Þetta er auðvitað ólíkt eftir deildum en ég hef heyrt frá mörgum að þeir keyri sig áfram af velvild deildarinnar, kennurunum eða samnemendum frekar en þeir geti reitt sig á lagalegan rétt sinn“, segir Halldór.

Mikilvægi menntunar

Mikilvægi menntunar telur Halldór vera mikið fyrir alla en ekki síður fatlað fólk. „Ég held að það styrki fólk í atvinnulífinu að hafa gott próf og forsenda þess að það fái vinnu við hæfi er að það hafi náð að mennta sig. Fólk með skerta starfsgetu á oft mjög erfitt með að vinna erfiðisvinnu sem felst í ómenntuðum störfum. Þeir sem eru t.d. líkamlega fatlaðir geta ekki unnið mörg líkamleg störf vegna fötlunar sinnar“, segir hann.

Er íslenskur vinnumarkaður opinn fötluðu fólki?

„Mjög margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlista hjá Vinnumálastofnun. Fólk er lengi á biðlista áður en það fær tækifæri. Einnig eru margir sem hafa ekki treyst sér að fara í atvinnuleit vegna hörku og ósveigjanleika vinnumarkaðarins“, útskýrir Halldór. Vinnumálastofnun, ÖBÍ og Landssamtökin Proskahjálpi ýttu úr vör verkefninu „Virkjum hæfileikana –

alla hæfileikana“ þann 4. nóvember 2014. Samstarfsverkefnið miðar að því að skapa störf fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu. Síðustu mánuði hafa fulltrúar verkefnisins afhent um 300 ráðuneytum, ríkisfyrirtækjum og opinberum stofnunum handbrotinn fugl úr origami pappír. Gripurinn er merki verkefnisins en með afhendingu gripsins eru viðkomandi stofnanir hvattar til að taka þátt í að auka atvinnutækifæri fólks með skerta starfsgetu. „Alls staðar hefur okkur verið mjög vel tekið en það hafa samt innan við tuttugu störf komið inn. Það segir okkur að vinnumarkaðurinn er ekki sérstaklega opinn“, segir Halldór.

Vantar meiri stuðning inn á vinnustaði

Halldór segist ekki vilja kenna atvinnulífínu alfarið um þetta því það séu svo margar ástæður fyrir að staðan sé svona. „Við þurfum viðhorfsbreytingu í samfélaginu og opna gátt um að fatlað fólk sé alls staðar. Við þurfum að heimfæra það sem hefur gerst á síðustu árum í skólakerfinu yfir á atvinnulífið. En þar þarf líka að vera stuðningur til staðar og aðstaða. Það þarf einnig fleiri vinnumarkaðsúræði fyrir fólk með skerta starfsgetu því þetta er svo breiður hópur“, útskýrir Halldór.

Fjárhagslegan ávinning vantar

Vissulega eru hindranir til staðar segir Halldór. Það er til bótaflokkur sem heitir „Sérstök framfærsluuppbot“, sem fólk fær sem verður öryrkjar eftir fertugt. Þetta eru allt að 40 þúsund krónur á mánuði. Vandamálið segir Halldór vera að þessi bótaflokkur skerðist krónu á móti krónu. „Ef að t.d. 55 ára einstaklingur sem er 75% öryrki af því að hann fékk heilablóðfall í fyrra er að hugsa um að fara út á vinnumarkaðinn, kannski 10-20% prósent, þá er það enginn fjárhagslegur ávinningur fyrir viðkomandi. Upphæðin sem viðkomandi vinnur sér inn skerðir bæturnar úr þessum bótaflokki nákvæmlega upp á krónu.“

Lausnir

„Það er talað um að það séu rúmlega 16.000 öryrkjar í landinu og það eru 4.000 öryrkjar sem eru með einhverjar atvinnutekjur. Ef stuðningskerfið og hvatningakerfið væri betra þá held ég að við myndum sjá miklu meiri atvinnuþátttöku hjá fötluðu fólki“, segir Halldór að lokum.



VIÐTAL: BERGLIND ÞORSTEINSDÓTTIR

Ljósmynd: Bonni

Nýtur lífsins og „tjillar“ með plöntunum sínum

Rúnar Björn Þorkelsson Herrera hefur notast við hjólastól síðastliðin tólf ár eftir slys sem hann varð fyrir þegar hann féll niður úr ljósastaur og lamaðist neðan við axlir. Hann hefur ekki látið það aftra sér frá því að lifa lífinu til fullnustu og er húmorinn aldrei langt undan. Rúnar segir frá því hvernig áhugi hans á garðrækt skaut fyrst rótum, náminu við Garðyrkjuskólann og heimshornaflakki í góðum félagskap til Asíu.

„Slysið gerði það að verkum að ég er mun sterkari einstaklingur fyrir vikið og tel mig geta tekist á við ýmsa erfiðleika. Ég er með allt aðra sýn á lífið en áður - þakklátur fyrir að vera á lífi þrátt fyrir allt og tel mig jafnvel vera frekar heppinn,“ segir Rúnar Björn í spjalli við blaðamann. Við fallið brotnuðu þrjár hálsliðir og mænan skaddaðist í kringum fimmta hálslið. „Allt breyttist fyrir mig. Ég var rifinn upp með rótum og fluttur til Reykjavíkur,“ útskýrir Rúnar sem segist hafa verið mjög líkamlega virkur fyrir slysið. Í dag er hann lamaður fyrir neðan axlir, hann getur hreyft hendurnar mjög takmarkað en getur þó keyrt rafmagnshjólastól og bíl. „Ég

einangraðist meir og meir félagslega í gamla þjónustukerfinu. Mér fannst erfitt að stunda félagslíf vegna þess að maður þurfti að stóla á ókunnugt fólk með persónulegar þarfir eins og að borða, drekka og pissa. Líf mitt fór að miklu leyti að snúast um að hanga í tölvuleikjum og horfa á sjónvarp. Í kjölfar þess að missa svona mikla getu til þess að gera það sem að maður vill þá tel ég það mjög mikilvægt að fólk fái þá aðstoð sem það þarf til að geta haldið lífi sínu áfram þannig að það hafi eins lítil áhrif og hægt er,“ segir hann og vísar til NPA, sem stendur fyrir Notendastýrða persónulega aðstoð, en Rúnar hefur verið atkvæðamikill í NPA miðstöðinni frá

upphafi. „Munurinn á mér fyrir og eftir NPA er sá að nú stunda ég félagslíf, pólitík, vinnu, ferðast um landið og heiminn og telst sennilega frekar virkur þjóðfélagsþegn miðað við meðaltal. En áður en ég fékk NPA var þjónustan öll bundin við heimilið og því fór ég lítið sem ekkert út úr húsi nema rétt í skólann.“

Langaði til að láta það blómstra áfram

Rúnar Björn ræðir um mikilvægi þess að finna sér áhugamál og einhverskonar iðju en hann hefur hellt sér út í garðrækt sem hann telur vanmetið áhugamál. „Þetta er ekkert mál og gefur manni svo mikið. Ég er með ljós og plöntur heima hjá mér og er mjög oft að tjilla fyrir framan plönturnar mínar. Eins og á veturna, þá er ekkert vetur hjá mér, þar getur verið kósí hitastig, vifturnar blása og ljósín skína líkt og kvöldsól,“ útskýrir Rúnar sem er með lokaðar svalir. „Um daginn sat ég með félögum mínum úti á svölum, úti var rok og rigning en við vorum inni í frumskóginum hjá mér með tómatplöntunum.“


Það má segja að Rúnar sé vel á veg kominn með að koma sér fyrir í draumastarfinu en mest langar hann að veita ráðgjöf um hvernig á að setja upp ræktun heima hjá sér, á vinnustöðum og í fyrirtækjum. Hann hefur haldið úti fræðsluvefnum www.plantan.is um árabíl þar

sem hann segist hafa gaman af því að miðla þekkingu sinni til annarra. Áhugasvið hans snýr einna helst að

matjurtum og fjallar vefur hans því aðallega um krydd- og matjurtir. Rúnar lauk tveggja ára námi í garðyrkjufræði á síðasta ári. En hvenær kviknaði garðyrkjuáhuginn hjá Rúnari? „Ætli það hafi ekki blundað í mér. Þegar ég var lítil var afi minn með gróðurhús á Akureyri og gróðurreit rétt fyrir utan bæinn. En í seinni tíð byrjaði þetta hjá mér þegar Erla Jóhanna, litla systir mín sem er 21 ári yngri en ég, fór með mér í IKEA fyrir um fimm til sex árum. Hún vildi endilega kaupa handa mér eitt gult blóm en ég náttúrulega þurfti að borga fyrir það,“ segir hann og hlær. „Það var svo krúttlegt þegar systir mín gaf mér þetta blóm, mér þótti svo vænt um það og langaði til að halda því lifandi og láta það blómstra áfram. Ég byrjaði að reyna fikta mig áfram, fór og keypti mér peru og fór að spá í einhverri næringu fyrir það. Eitt leiddi af öðru og allt í einu var maður farinn að gera tilraunir með vatnsræktun, þá var maður orðinn græjufúkill,“ segir hann kíminn.

Var einn af þeim í staðinn fyrir gaurinn í hjólastólum

Rúnar segir það hafa gengið vel að stunda námið en áður en hann fór í garðyrkjufræði lauk hann stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. „Fyrst fór ég í skólann bara til að hafa eitthvað að gera, slíta daginn í sundur, fara í skólann og gera eitthvað, sem endaði með því að ég lauk stúdentsprófi. Þegar það var komið var eiginlega ekkert annað en Garðyrkjuskólinn sem kom til greina sem næsta skref. Þá var ég kominn með vefsíðuna plantan.is og farinn að vera með mikla ræktun, þannig að ég hafði áhuga á því að að vita meira,“ segir Rúnar þegar hann rifjar upp hvernig garðyrkjunámið varð fyrir valinu. Hann segist ekki hafa fengið NPA fyrsta árið, en hann hafi fengið beingreiðslusamning. Hefði ekki verið fyrir þann stuðning segist hann ekki hafa verið fær um að framfylgja þessum draumi. „Það er enginn mikið fatlaður einstaklingur að fara að vera í skólanum allan daginn, frá kl. 8-16 eða 17, án þess að vera með aðstoðarmann með sér. Það er svo óþægilegt að þurfa að stóla á samnemendur við að fá aðstoð. Hvað ef ég þarf að pissa eða þarf aðstoð við að borða? En með aðstoðarmanni þá gat ég skroppið í Bónus í hádeginu og fengið mér það sem ég vildi eða smurt mér nesti, bara eins og ég vildi hafa þetta, eins og venjulegt fólk gerir,“





Egill, Gunnar Héðinn, Daniel Már, Anna Dóra, Hallgrímur og Rúnar Björn við gamalt hof í Angkor Wat í Kambódíu.

útskýrir hann. Félagslega segir hann þetta hafa verið mjög mikilvægur þáttur, hann þorði þá frekar að fara í heimsókn til skólafélaganna og mæta á samkomur. „Ég eignaðist vini í Garðyrkjuskólanum og var einn af þeim í staðinn fyrir gaurinn í hjólastólnum.“

Þá segist Rúnar hafa komist á flesta staði og farið í skoðunarferðir, innanlands sem utan. Hann fór í þrjár utanlandsferðir með skólanum, eina bekkjarferð og tvær á vegum skólans, sem hann hefði ekki getað farið í nema með NPA. Bekkjaferðin var til Danmerkur að skoða garðyrkjustöðvar en á vegum skólans heimsótti hann Sikiley og Bretland.

Hæsta fjall Tælands og eitt af sjö undrum veraldar

Í desember síðastliðnum fór Rúnar í ógleymanlega skemmtiferð til Tælands, ásamt kærustu sinni Önnu Dóru og vini þeirra Hallgrími Eymundssyni, sem einnig notast við hjólastól. „Anna Dóra hafði verið skiptinemi í Tælandi og var lengi búin að dreyma um að fara með mér þangað. Við fórum að tala um þetta og ákváðum að skella okkur,“ útskýrir Rúnar. Undirbúningurinn fyrir ferðina tók um hálf tveggja ár og þau voru erlendis í einn mánuð. Þau ferðuðust til Bangkok, Hua Hin og Chiang Mai í Norður Tælandi og einnig til Kambódíu. Rúnar segir að sér hafi liðið sérlega vel í Hua Hin, þar sem þau gistu í húsi fatlaðs manns. Þar

var gott veður og þægilegt, hvorki of heitt né kalt. Í Bangkok var heitara, meiri molla og víða óaðgengilegra. „Svo fórum við í ferð til Chiang Mai. Þar vorum við með fararstjóra sem var algjör snillingur. Maður brosti frá því maður sá hann þangað til maður kvaddi hann. Hann var svo mikið krútt og fyndinn,“ segir Rúnar



Anna Dóra og Rúnar Björn.

Fararstjórinn fór með þau víða, t.d. í dýra- og blómagarða, að skoða falleg búddahof og upp á topp hæsta fjalls Tælands, Doi Inthanon. „Í Kambódíu fórum við m.a. að skoða hofrústirnar í Angkor Wat, sem eru eitt af sjö undrum veraldar. Þar var ansi heitt en við gátum farið í hjólastólnum hringinn í kringum rústirnar. Við fórum líka í annað hof sem var notað við gerð kvikmyndarinnar Tomb Rider, það var flottasta hofið. Skógurinn var búinn að vaxa inn í það og

yfirtaka veggina, það var rosalega flott að sjá það.“

Aðspurður um hvort hann muni eftir einhverju skondnu atviki sem átti sér stað þar ytra rifjar hann upp jóladag í Kambódíu fyrir utan hótelið sem þau gistu á. Búið var að skreyta húsið hátt og lágt, amerísk jólalög ómuðu allt um kring og múgur og margmenni mættu á staðinn með börnin sín til að skoða jólaljós. „Við Halli fórum út og það var eins og Justin Bieber væri mættur á svæðið. Fólkíð myndaði hring í kringum okkur, horfði á okkur og tók myndir - það var ekkert að hika við það. Við vorum eins og þvílíkir celebrities,“ segir hann í gamansömum tón. Hann rifjar upp annað atvik sem átti sér stað í Kambódíu og lýsir þeim mikla menningarmun sem skilur heimshlutana að. „Ég var staddur á götumarkaði og ég varð alveg var við það að fólk var að benda á mig. Toppurinn var svo þegar það var einhver kona sem lá uppi á borði, hrökk alveg í kút þegar hún sá mig og kallaði á kambódísku: „Hey, sjáið þið,“ segir hann og hlær. Hápunktur ferðarinnar segir Rúnar hafa verið veðrið. „Ég elska sól og blíðu. Það var oft heitt en það er þægilegra en að vera of kalt. Það var líka margt annað, að skoða fíla, sjá tígrisdýr, snáka og apa. Og að kynnast menningunni þarna úti.“

Framundan segir Rúnar vera greinaskrif fyrir vefsíðuna sína, ásamt því að vinna í réttindabaráttu fatlaðs fólks með NPA miðstöðinni og SEM samtökunum, Samtökum endurhæfðra mænuskaddaðra. En líf hans um þessar mundir snýst að mestu um að njóta lífsins og huga að matjurtaplöntunum sínum.



Ljósmynd: Ami Frey Haraldsson

OFBELDI gegn fötluðum konum: Hvað getum við gert?

HÖFUNDAR: ÞORBERA FJÖLNISDÓTTIR OG HRAFNHILDUR SNÆFRÍÐAR- OG GUNNARSÓTTIR

Nú í ársbyrjun lauk tveggja ára rannsóknarverkefni sem Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands vann í samstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir í Austurríki, Englandi og Þýskalandi. Verkefnið var styrkt af Daphne III áætlun framkvæmdasjóðs Evrópusambandsins og beindist að ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum. Tekin voru viðtöl og haldnir rýnihópar með fötluðum konum auk þess sem viðtöl voru tekin við fólk sem starfar hjá félagasamtökum og stofnunum sem veita brotapolum stuðning. Í rannsóknarverkefninu var lögð áhersla á samvinnu við aðila sem tengjast málaflokknum og var því í hverju landi starfræktur bakhópur sem vann náið með rannsakendum. >>>



Ljósmynd: Arni Freyr Haraldsson

Frá Druslugöngunni 2014 en þá gengu fatlaðar konur saman með skilti sem á voru skilaboð sem þær vildu koma á framfæri.

Í bakhópunum sátu fulltrúar fatlaðra kvenna, m.a. frá kvannahreyfingu Öryrkjabandalagsins, fólk sem veitir brotaþolum stuðning og sem unnið hefur við vörslu réttinda fatlaðs fólks. Auk þess að fá aukna innsýn í stöðu mála var tilgangurinn með rannsókninni hagnýtur. Ætlunin var að afla upplýsinga sem nýst gætu til að bæta þjónustu og stuðning til fatlaðra kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi.

Ofbeldi tengt kyni og jaðarsettri stöðu

Rannsóknir hvarvetna í heiminum sýna að fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en aðrir. Auk kynbundins ofbeldis verða fatlaðar konur fyrir ofbeldi sem tengist jaðarsettri stöðu þeirra og því að þær þurfa oft að reiða sig á aðstoð annarra í daglegu lífi. Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni lýstu ýmiskonar ofbeldi sem þær höfðu mátt þola, í barnæsku, á unglingsárum og fullorðinsárum. Í sumum tilvikum stóð ofbeldið yfir í mörg ár þar sem konur voru háðar gerendum um aðstoð í daglegu lífi. Þær einöngruðust þá gjarnan og gátu ekki leitað sér aðstoðar af ótta við að missa nauðsynlegan stuðning. Konurnar fengu sjaldan aðstoð til að takast á við afleiðingar ofbeldisins. Hindranirnar sem þær mættu voru ýmsar og tengdust gjarnan því að ekki var hlustað á þær eða tekið mark á þeim. Þegar

skoðaðar voru aðstæður hjá félagsamtökum og stofnunum sem styðja brotaþola komu í ljós ýmsar aðgengishindranir og skortur á aðgengilegum upplýsingum um þjónustuna. Þá kom jafnframt í ljós að ráðgjafar og starfsfólk sem aðstoðar og veitir þolendum ofbeldis stuðning hefur oft takmarkaða innsýn og þekkingu á félagslegum aðstæðum fatlaðs fólks og ofbeldi gegn því. Fyrir vikið verður starfsfólk óöruggt þegar kemur að því að veita fötluðum brotaþolum stuðning.

Dæmi um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis gagnvart fötluðum konum

Andlegt ofbeldi. Þátttakendur í rannsókninni á Íslandi töldu andlegt ofbeldi vera algengustu birtingarmynd ofbeldis í lífi fatlaðra kvenna.

Allar höfðu upplifað andlegt ofbeldi af einhverju tagi, svo sem fordóma, mismunun, lítilsvirðingu og hótanir. Andlegt ofbeldi gat líka falist í útskúfun og einelti. Einnig lýstu sumar mikilli afskiptasemi og stjórnsemi frá fólki í þeirra nánasta umhverfi, þá var tekið fram fyrir hendur þeirra eða þeim sjálfum ekki leyft að taka mikilvægar ákvarðanir er vörðuðu þeirra eigin líf.

Kynferðislegt ofbeldi. Margar konur sem tóku þátt í rannsókninni voru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Þær höfðu orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, áreitni og nauðgunum í æsku, á unglingsárum eða á fullorðinsárum. Gerendur voru í langflestum tilvikum karlar, svo sem feður, aðrir karlkyns fjölskyldumeðlimir eða aðrir sem þær þekktu.

Líkamlegt ofbeldi. Þó nokkuð margar konur höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi s.s. að vera lamdar, hrækt á þær eða sparkað í þær. Í sumum tilvikum var ofbeldið lífshættulegt, þá höfðu þær nærri verið kæfðar eða kyrktar.

Þjónustutengt ofbeldi. Ofbeldi sem tengdist þjónustu eða þjónustuleysi gat birst með ólíkum hætti. Í sumum tilvikum urðu konur fyrir ofbeldi af hendi annarra þjónustunotenda en oftast fólst ofbeldið í valdbeitingu ófatlaðra starfsmanna gagnvart fötluðum þjónustunotendum. Ofbeldið gat þá verið kynferðislegt eða líkamlegt. Einnig hafði konum verið neitað um nauðsynlega aðstoð, lyf eða hjálpartæki. Sumar höfðu verið þvingaðar í ófrjósemisaðgerðir eða fóstureyðingar.

Hvað geta félagasamtök fatlaðs fólks gert?

Ljóst er að vandamálið er flókið viðureignar og úrlausn krefst samhentra aðgerða ýmissa aðila. Til að stuðla að aukinni vitundarvakningu og auknu aðgengi fatlaðra kvenna að stuðningsúrræðum þróðu rannsóknahópar og bakhópar þátttökulandanna í sameiningu tillögur að aðgerðum ólíkra aðila. Félagasamtök fatlaðs fólks geta gert ýmislegt til að leggja sitt á vogarskálarnar.

- **Hafa samstarf við stofnanir og samtök sem veita fötluðum þolendum ofbeldis stuðning**
- **Veita fræðslu um ofbeldi sem fatlaðar konur verða fyrir og hvert þær geta leitað eftir stuðningi**
- **Taka virkan þátt í verkefnum sem snúa að vitundarvakningu og forvarnarstarfi**
- **Þrýsta á stjórnvöld að lögfesta samning SP um réttindi fatlaðs fólks**
- **Taka virkan þátt í baráttunni gegn ofbeldi!**

Aukin fræðsla og samstarf er mikilvægt

Þörf er á aukinni fræðslu til félagasamtaka og stofnana sem styðja brotaþola, um ofbeldi gegn fötluðu fólki og leiðir til að auka aðgengi. Mikilvægt er að slík fræðsla sé skipulögð og veitt af fötluðu fólki. Til að auka aðgengi að stuðningi fyrir fatlaða þolendur ofbeldis er því mikilvægt að koma á auknu samstarfi milli félagasamtaka fatlaðs fólks og þeirra úrræða sem veita þolendum ofbeldis stuðning.

Samtök fatlaðs fólks eru í kjöraðstöðu til að miðla fræðslu til félagsmanna sinna um það ofbeldi sem fatlaðar konur verða fyrir og hvert þær geta leitað eftir stuðningi. Í rannsókninni var kallað eftir aukinni jafningjafræðslu og starfsemi sjálfshjálparhópa. Samtök fatlaðs fólks eru kjörinn vettvangur fyrir slíka stuðningshópa.

Mikilvægt er að félagasamtök taki virkan þátt og séu leiðandi í verkefnum sem snúa að vitundarvakningu og forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi.

Valdefling og þátttaka í samfélaginu

Þegar einstaklingur hefur allt sitt líf upplifað valdleysi leiðir það til þess að viðkomandi fer að trúa því að hann/hún sé minna virði en aðrir, einfaldlega vegna þess að það eru skilaboðin sem viðkomandi hefur stöðugt fengið frá umhverfinu. Það er því brýnt að samtök fatlaðs fólks haldi áfram að beita sér fyrir lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og því að sú þjónusta sem fötluðu fólki er veitt styrki það til sjálfstæðis og stuðli að valdeflingu þess og aukinni þátttöku í samfélaginu.

Opna þarf umræðuna

Íslensku konurnar sem tóku þátt í Daphne rannsókninni töldu að samtök fatlaðs fólks beittu sér ekki nægjanlega gegn kynbundnu ofbeldi. Það er því þörf á að opna umræðuna um ofbeldi gagnvart fötluðum konum innan félagasamtaka fatlaðs fólks. Ofbeldi er staðreynd sem samtök fatlaðs fólks verða að horfast í augu við. Það er ýmislegt sem við getum gert ef við stöndum saman.



L477U TÖLURN4R Þ1N4R 4LLT4F V3R4 M3Ð 1 4SKR1FT

Tryggðu þér áskrift á lotto.is svo þú gleymir aldrei
að spila með Lottó, Eurojackpot eða Víkingalottó.
Áskrift – ekkert rugl!

26

TÍMARIT ÖBÍ



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



VÍKINGA
LOTTO
VINNINGINN HEIM!

EUROJACKPOT



facebook / lotto.is

Aðildarfélag ÖBÍ

ADHD samtökin

Háaleitisbraut 13, 3. hæð • 108 Reykjavík •
s: 581 1110 • adhd@adhd.is • www.adhd.is

Ás, styrktarfélag

Skipholti 50C • 105 Reykjavík • s: 414 0500 •
styrktarfelag@styrktarfelag.is • www.styrktarfelag.is

Blindrafélagið

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • s: 525 0000 • f: 525 0001
• blind@blind.is • www.blind.is

Blindravinafélag Íslands

Sæviðarsundi 54 • 104 Reykjavík • s: 581 2144 • sehe@isl.is

CCU - Crohn's og Colitis samtökin á Íslandi

Pósthólf 5388 • 125 Reykjavík • Talhólf: 871 3288 • ccu@ccu.is •
www.ccu.is

CP félagið

Háaleitisbraut 11 • 108 Reykjavík • s: 691 8010 •
cp@cp.is • www.cp.is

Einhverfusamtökin

Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • s: 562 1590 •
einhverfa@einhverfa.is • www.einhverfa.is

FAAS - Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga

Hátúni 10, 1. hæð • 105 Reykjavík • s: 533 1088
• faas@alzheimer.is • www.alzheimer.is

Félag heyrnarlausra

Þverholti 14 • 105 Reykjavík • s: 561 3560 • f: 551 3567
• deaf@deaf.is • www.deaf.is

Félag lesblindra á Íslandi

Ármúla 7b • 108 Reykjavík • s: 534 5348
fli@fli.is / snaevar@fli.is • www.fli.is

Félag lifrarsjúkra

Síðumúla 6, 108 Reykjavík • s: 841 2376 •
lifrin@lifrin.is • www.lifrin.is

Félag nýrnasjúkra

Hátúni 10, 1. hæð • 105 Reykjavík •
s: 561 9244 • nyra@nyra.is • www.nyra.is

Fjóra, félag fólks með samþætta sjón- og

heyrnarskerðingu

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • s: 553 6611, 840 4665 •
sjonogheyrn@simnet.is, www.sjonogheyrn.is

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra

Pósthólf 8635 • 128 Reykjavík • fsfh@fsfh.is • www.fsfh.is

Geðhjálp

Borgartúni 3 • 105 Reykjavík • s: 570 1700 •
gedhjalp@gedhjalp.is • www.gedhjalp.is

Geðverndarfélag Íslands

Hátúni 10 • 105 Reykjavík • s: 552 5508 •
gedvernd@gedvernd.is • www.gedvernd.is

Gigtarfélag Íslands

Ármúla 5 • 108 Reykjavík • s: 530 3600 • f: 553 0765 •
gigt@gigt.is • www.gigt.is

Heilaheill

Sigtúni 42 • 105 Reykjavík • s: 561 2200 / 860 5585 •
heilaheill@heilaheill.is • www.heilaheill.is

Heyrnarhjálp

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • s: 551 5895 • f: 551 5835
• heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is • www.heyrnarhjalp.is

HIV-Ísland

Hverfisgötu 69 • 101 Reykjavík • s: 552 8586 •
hiv-island@hiv-island.is • www.hiv-island.is

Hugarfar

Melabraut 23 • 170 Seltjarnarnesi • s: 661 5522 •
hugarfar@hugarfar.is • www.hugarfar.is

LAUF - félag flogaveikra

Hátúni 10, 1. hæð • 105 Reykjavík •
S: 551 4570 • lauf@vortex.is • www.lauf.is

Málbjörg - félag um stam

Hátúni 10b • 105 Reykjavík • s: 551 7744/659 5135 •
malbjorg@stam.is • www.stam.is

Málefli

Daltúni 14 • 200 Kópavogi • s: 897 4741 • malefli@malefli.is •
www.malefli.is

ME félag Íslands

Marklandi 8 • 108 Reykjavík • s: 859 3456 •
mefelag@gmail.com • www.mefelag.is

MG-félag Íslands

Leiðhömrum 23 • 112 Reykjavík • s: 567 0723 / 893 0823 •
mg@mg-felag.is • www.mg-felag.is

MND félagið á Íslandi

Pósthólf 94 • 222 Hafnarfjörður • Skrifstofa Sigtúni 42 •
105 Reykjavík • s: 565 5727 • mnd@mnd.is • www.mnd.is

MS -félag Íslands

Sléttuvegi 5 • 103 Reykjavík • s: 568 8620 • f: 568 8621 •
msfelag@msfelag.is • www.msfelag.is

Parkinsonsamtökin á Íslandi

Hátúni 10, 1. hæð • 105 Reykjavík •
s: 552 4440 • parkinsonsamtokin@gmail.com • www.parkinson.is

Samtök sykursjúkra

Hátúni 10, 1. hæð • 105 Reykjavík •
s: 562 5605 • diabetes@diabetes.is • www.diabetes.is

SEM - samtök endurhæfðra mænuskaddaðra

Sléttuvegi 3 • 103 Reykjavík • s: 588 7470 • sem@sem.is •
www.sem.is

SÍBS

Síðumúla 6 • 108 Reykjavík • s: 560 4800 •
sibs@sibs.is • www.sibs.is

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra

Hátúni 12 • 105 Reykjavík • s: 550 0360 •
sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is • www.sjalfsbjorg.is

SPOEX - Samtök psoriasis og exemsjúklinga

Bolholti 6 • 105 Reykjavík • s: 588 9666 •
spoex@spoex.is • www.spoex.is

Stómasamtök Íslands

Skógarhlíð 8 • 105 Reykjavík • s: 847 0694 • stoma@stoma.is •
www.stoma.is

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • s: 535 0900 • f: 535 0901 •
slf@slf.is • www.slf.is

Tourette - samtökin á Íslandi

Hátúni 10, 1. hæð • 105 Reykjavík •
s: 840 2210 • tourette@tourette.is • www.tourette.is



Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og virk tækifæri til jafns við aðra í samfélaginu. Alls hefur 151 ríki fullgilt samninginn og er Ísland í hópi fjögurra Evrópuríkja sem eiga það eftir. Krafa okkar er að samningurinn verði fullgiltur eigi síðar en á haustþingi 2015.

Kynntu þér samninginn og skoraðu á stjórnvöld á www.obi.is

SKORUM Á STJÓRNVÖLD

ÁÐ FULLGILDA SAMNING SP UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS EIGI SÍÐAR EN Á HAUSTÞINGI 2015!



Jón Margeir Sverrisson



Halldór S. Guðbergsson



Andri Snær Magnason



Heiða Kristín Helgadóttir



Guðmundur Magnússon



Embla Guðrúnar Ágústsadóttir



Haraldur Freyr Gíslason



Andri Valgeirsson



Freyja Haraldsdóttir



Ebbá Guðný Guðmundsdóttir



Freyr Eyjólfsson



Adda Þ. Smáradóttir



Þuríður Harpa Sigurðardóttir



Þorsteinn Bachmann



Magnús Jónsson



Jón Gnarr



Ellen J. Calmon

